

Nr. 17-211 S 147 Þórunn Sveinsdóttir VE 401***Skipverji slasast við fall í lest***

Skipaskr.nr. 2401 IMO nr. 9463360
 Útgerð: Ós ehf.
 Smíðaður: Danmörku 2010, stál
 Stærð: brl. 778,9 bt.
 Mesta lengd: 40,06 m Skráð lengd: 35,77 m
 Breidd: 11,2 m Dýpt: 7,09 m
 Vél: M A K 540 kW 2009
 Fjöldi skipverja: 15



Þórunn Sveinsdóttir © Jón Páll Ásgeirsson

Gögn:

Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 8. apríl 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 10. nóvember 2018 var Þórunn Sveinsdóttir VE 401 á togveiðum á Austfjarðarmiðum. Veður: A 18-22 m/s.

Skipverji var við vinnu í fiskilest og stóð upp á fiskikari í neðstu röð. Þegar hann tók skref afturábak lenti hann með vinstri fótinn niður með karinu og féll aftur fyrir sig. Hann marðist illa á hné en brotnaði ekki.

Við rannsókn kom fram:

- að fiskikarið sem skipverjinn stóð upp á var út við síðu og var um 20 cm bil milli hennar og karsins sem svo þrengdist niður.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsókna.

Sérstök úbending:

Þegar hafa komið fram lausnir til að auka öryggi þeirra sem vinna við þessar aðstæður. Þar má nefna palla úr rifflluðu áli og einnig er hægt að sníða til rifflaðar grindur til að setja í botn kara. Nefndin hefur vitneskju um að þessar lausnir séu notaðar um borð í nokkrum skipum með góðum árangri.



Dæmi um pall þar sem hægt er að standa upp á fiskikari.